

Lýsigögn

Starfandi í atvinnugreinum menningar samkvæmt skrá

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður (stofnun)	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður (deild)	Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
1.3 Nafn tengiliðar	Erla Rún Guðmundsdóttir
1.4 Starf tengiliðar	Sérfræðingur
1.5 Póstfang tengiliðar	Borgartún 21a, 105 Reykjavík
1.6 Netfang tengiliðar	erla.gudmundsdottir@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528-1052

2. Lýsigögn uppfærð

2.1 Lýsigögn síðast staðfest	10. desember 2019
2.2 Lýsigögn síðast birt	10. desember 2019
2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	10. desember 2019

Lýsigögn

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum

Vinnuafli úr skráum (VS) eru talningar á einstaklingum úr mánaðarlegum staðgreiðslu- og mannfjöldagögnum. Staðgreiðslugögn byggja á upplýsingum frá ríkisskattstjóra um uppgjör vegna staðgreiðslu af launum og/eða reiknuðu endurgjaldi, samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Uppgjörið hefur verið auðgað með öðrum upplýsingum svo hægt sé að nýta það til hagskýrslugerðar, til að mynda til að geta aðgreint staðgreiðsluskyldar launagreiðslur frá öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum. Mannfjöldagögn byggja á íbúaskrá Þjóðskrár Íslands.

Þýðið eru allir sem eru í mánaðarlegum staðgreiðslugögnum. Í tölunum eru þeir skilgreindir sem starfandi ef þeir höfðu einhverjar tekjur af atvinnu sem staðgreiddir skattar voru greiddir af, þar á meðal þeir sem voru í fæðingarorlofi frá vinnu og skiluðu reiknuðu endurgjaldi, á því tímabili sem gögnin ná yfir. Ekkert lágmark er á tekjuupphæðum fyrir talningarnar.

Um er að ræða bráðabirgðatölur sem geta tekið breytingum yfir tíma þar sem Hagstofan vinnur að því að bæta enn grunn gögn. Gæði gagna eru betri fyrir nýrri ár og sérstök áhersla hefur verið af hálfu Hagstofunnar að tryggja gæði gagna frá og með árinu 2008. Gæði gagna fyrri ára eru lakari.

Flokkun starfandi í atvinnugreinum menningar byggir á skilgreiningu Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, um menningarstörf (e. cultural employment) og miðar við þá atvinnugreinaflokkka (ÍSAT2008) sem þar eru taldir með sem „alfarið menningarlegir“ (e. fully cultural) í [þeirra skilgreiningum](#).



Lýsigögn

3.2 Flokkunarkerfi

Talningar eru flokkaðar eftir atvinnugrein, kyni, búsetu, menntun og aldursflokkum.

Atvinnugreinar eru flokkaðar í samræmi við *Íslenska atvinnugreinaflokkun*, ÍSAT2008. Atvinnugreinum er skipt í atvinnugreinar menningar og aðrar atvinnugreinar. Sjá 3.4 fyrir frekari upplýsingar um atvinnugreinar menningar.

Í mesta niðurbroti eru fjögurra stafa ÍSAT2008 kóðar notaðir og í næstmesta niðurbroti er stuðst við tveggja stafa ÍSAT2008 kóða. Þar sem tveggja stafa ÍSAT2008 kóðar eru notaðir eru aðeins þær atvinnugreinar meðtaldar í hverjum flokki sem skilgreindar eru af Eurostat sem alfarið menningarlegir, þ.e. að ekki allar atvinnugreinar undir hverjum tveggja stafa flokki eru meðtaldar. Undantekning frá þessu er flokkur 63.91 sem fellur undir flokk 60, þar sem hann er of fámennur til að geta staðið sér.

Kyn skiptist í karla og konur.

Aldursflokkum er skipt eftir:

- 1) 16-24 ára
- 2) 25-54 ára
- 3) 55-74 ára
- 4) 16-74 ára
- 5) 25-64 ára

Búsetu er skipt eftir landshlutum samkvæmt lögheimilisskráningu. Landshlutarnir eru höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland, Austurland, Norðurland eystra, Norðurland vestra, Vestfirðir og Vesturland.

3.3 Þekja - geirar

Staðgreiðslugögn ná til allra atvinnugreina á íslenskum vinnumarkaði.

Á heimasíðu ríkisskattstjóra kemur fram að öllum þeim sem teljast launagreiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda þ.e. þeir sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast vera laun, er skylt að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna og öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum og af reiknuðu endurgjaldi vegna eigin vinnu við reksturinn. Sjá nánar: <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/>

Lýsigögn

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Fjöldi starfandi samkvæmt skrá, þ.e. þeir sem höfðu einhverjar tekjur af atvinnu sem gert er grein fyrir í uppgjöri ríkisskattstjóra um staðgreidda skatta, þar á meðal þeir sem voru í fæðingarorlofi frá vinnu og þeir sem eru með reiknað endurgjald, á því tímabili sem gögnin ná yfir.

Skilgreining á starfandi í menningu byggir á skilgreiningu Eurostat (e. cultural employment). Í tilfelli gagna úr skrá byggir skilgreining eingöngu á atvinnugreinum. Þær atvinnugreinar sem falla undir skilgreiningar Eurostat sem atvinnugreinar menningar eru:

ÍSAT2008 Lýsing

- 18.11 Prentun dagblaða
- 18.12 Önnur prentun
- 18.13 Undirbúningur fyrir prentun
- 18.14 Bókband og tengd þjónusta
- 18.20 Fjölföldun upptekins efnis
- 32.12 Skartgripasmíði og skyld framleiðsla
- 32.20 Hljóðfærasmíði
- 47.61 Smásala á bókum í sérværslunum
- 47.62 Smásala á dagblöðum og ritföngum í sérværslunum
- 47.63 Smásala á tónlistar- og myndupptökum í sérværslunum
- 58.11 Bókaútgáfa
- 58.13 Dagblaðaútgáfa
- 58.14 Tímaritaútgáfa
- 58.21 Útgáfa tölvuleikja
- 59.11 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
- 59.12 Eftirvinnsla kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis
- 59.13 Dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
- 59.14 Kvikmyndasýningar



Lýsigögn

- 59.20 Hjóðupptaka og tónlistarútgáfa
- 60.10 Útvarpsútsending og dagskrárgerð
- 60.20 Sjónvarpsútsendingar og dagskrárgerð
- 63.91 Starfsemi fréttastofa
- 71.11 Starfsemi arkitekta og skyld tæknileg ráðgjöf
- 74.10 Sérhæfð hönnun
- 74.20 Ljósmyndþjónusta
- 74.30 Þýðingar- og túlkunarþjónusta
- 77.22 Leiga á myndböndum og -diskum
- 85.52 Listnám
- 90.01 Sviðslistir
- 90.02 Þjónusta við sviðslistir
- 90.03 Listsköpun
- 90.04 Rekstur húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir menningarstarfsemi
- 91.01 Starfsemi bóka- og skjalasafna
- 91.02 Starfsemi safna
- 91.03 Rekstur sögulegra staða og bygginga og áþekkra ferðamannastaða

Athugið að tölur um starfandi í menningu samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn (VMR) byggja á þversniðsskilgreiningu (sjá mynd) af annars vegar starfaflokkum (ÍSTARF95) og hinsvegar atvinnugreinaflokkum (ÍSAT08). Tölurnar þar eru því heildartölur (summa) þeirra sem eru starfandi í öllum störfum í atvinnugreinum menningar, annars vegar og starfandi í menningarstörfum í öllum atvinnugreinum, hins vegar. Starfaflokkar eru ekki tilgreindir í skráargögnum svo í þeim töflum er aðeins um að ræða starfandi í atvinnugreinum menningar.

Atvinnugreinar

ÍSAT2008



Lýsigögn

			Atvinnugreinar menningar	Aðrar atvinnugreinar
	Starfafflokkar ÍSTARF95	Menningarstörf	Menningarstörf í atvinnugreinum menningar	Menningarstörf í öðrum atvinnugreinum
		Önnur störf	Önnur störf í atvinnugreinum menningar	Önnur störf í öðrum atvinnugreinum

Lýsigögn

3.5 Hagskýrslueining	Einstaklingar sem eru starfandi, það er þeir einstaklingar sem hafa tekjur af atvinnu sem eru staðgreiðsluskyldar, þar á meðal eru tekjur í fæðingarorlofi starfandi og reiknað endurgjald.
3.6 Þýði	Í þýðinu eru allir sem fá greiddar skattskyldar tekjur af atvinnu sem eru staðgreiðsluskyldar, þar á meðal tekjur í fæðingarorlofi starfandi og reiknað endurgjald. Á heimasíðu ríkisskattstjóra kemur fram að þeir sem þurfa að skila inn upplýsingum til ríkisskattstjóra um staðgreiðslu og opinber gjöld eru allir þeir sem teljast greiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. þeir sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast vera laun, er skylt að halda eftir staðgreiðslu opinberra gjalda af launum starfsmanna og öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum og af reiknuðu endurgjaldi vegna eigin vinnu við reksturinn. Greiðendur staðgreiðslu starfsmanna sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli teljast launagreiðander þeirra hafi starfsmannaleigan ekki skattalega heimilisfesti hér á landi. Starfsmannaleiga sem hefur staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, öðru EFTA-ríki eða Færeyjum telst þó launagreiðandi nema um annað hafi verið samið við notendafyrirtæki. Notendafyrirtæki ber ábyrgð sem launagreiðandi hafi starfsmannaleiga ekki staðið réttilega skil á staðgreiðslu. Sjá nánar: https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/ og í lögum 45/187 um staðgreiðslu opinberra gjalda https://skattalagasafn.rsk.is/?log=45.1987.0
3.7 Svæði	Ísland
3.8 Tímabil	2008 – 2018
3.9 Grunntímabil	Á ekki við
4. Mælieining	
	Fjöldi starfa á ársgrundvelli (m.v. 12 mánuði)
5. Viðmiðunartími	

Lýsigögn

	Ár
6. Umboð	
6.1 Lög og reglugerðir	Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna: https://hagstofa.is/media/43950/Reglur-um-me%C3%B0fer%C3%B0-tr%C3%BAna%C3%B0argagna.pdf
7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Í þeim tilfellum þar sem talningar í töflum eru lægri en 4 þá er gildið dulið. Þannig er ekki hægt að greina milli talninga í veftöflum þar sem enginn einstaklingur var talinn eða þar sem um var að ræða 3 einstaklinga í talningunni.
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	Birtingar verða tilkynntar og settar á birtingaráætlun, 8 dögum fyrir áætlaðan birtingardag, í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	Birtingaráætlun er aðgengileg á vef Hagstofunnar: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/birtingaraetlun/
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands
9. Tíðni birtinga	

Lýsigögn

	Talnaefni verður uppfært árlega á vef Hagstofunnar.
10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttatilkynningar verða gefnar út einu sinni á ári í tengslum við árlega birtingu.
10.2 Útgáfur	
10.3 Gagnasöfn á netinu	Hagtölur birtar árlega með uppfærslu veftaflna á vef Hagstofunnar.
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar. Sjá hér: https://hagstofa.is/thjonusta/gogn-til-visindarannsokna/
10.5 Annað	
10.6 Skjöl um aðferðafræði	Samantekt um menningarhagtölur Eurostat.
10.7 Skjöl um gæðamál	Engin skjöl um gæðamál hagtálnanna er tiltæk.
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=0c8d9584-87fd-4934-b8c6-8d9ec40ee881

Lýsigögn

<p>11.2 Gæðamat</p>	<p>Almennt má segja að gögnin uppfylli meginreglur 11 – 15. Hagtölunum er ætlað að uppfylla þarfir notenda (meginregla 11) um aukna þekju á íslenskum vinnumarkaði heldur en hingað til hefur verið mögulegt með tölum úr Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar. Um er að ræða mjög nákvæm gögn (meginregla 12) þar sem lítil sem engin óvissa er til staðar, til dæmis er engin úrtaksvilla til staðar í gögnunum, sem gerir mögulegt að álykta á grunni fámennra hópa í gagnasafninu með viðunandi nákvæmni. Tímanleiki gagnanna er viðunandi (meginregla 13) þar sem gera má ráð fyrir því að hægt sé að gefa út upplýsingar um fjölda starfandi í tilteknum mánuði um þremur mánuðum síðar. Samræmi gagnanna er gott en samanburðarhæfni (meginregla 14) er lakari þar sem þau eru ekki byggð á alþjóðlegum stöðlum eða skilgreiningum. Aðgengi og skýrleiki gagnanna (meginregla 15) þar sem þau eru sett fram á skýran máta í talnaefni á vef Hagstofunnar sem notendur hafa aðgang að án endurgjalds.</p>
<p>12. Notagildi</p>	
<p>12.1 Þarfir notenda</p>	<p>Helstu notendur eru hagsmunaaðilar, ráðuneyti, stofnanir, fjölmiðlar og almenningur.</p>
<p>12.2 Ánægja notenda</p>	<p>Um er að ræða nýjar hagtölur sem Hagstofan hefur ekki birt áður. Því eru engar upplýsingar tiltækar um ánægju notenda.</p>
<p>12.3 Heildstæðni</p>	<p>Hagtölunum er meðal annars ætlað að svara eftirspurn eftir talningum á fjölda starfandi í atvinnugreinum menningar, meðal annars eftir búsetu, bakgrunni og eftir því hvort viðkomandi sé búsettur á Íslandi eða ekki.</p>
<p>13. Nákvæmni og áreiðanleiki</p>	

Lýsigögn

13.1 Nákvæmni	<p>Nákvæmni byggir á þeim upplýsingum sem berast frá launagreiðanda til ríkisskattstjóra. Það getur haft áhrif á talningar þegar greiðendur tekna sem eru staðgreiðsluskyldar skila ekki uppgjöri til ríkisskattstjóra innan tímamarka. Samkvæmt lögum 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda skulu launagreiðendur og einstaklingar með reiknað endurgjald gera staðgreiðslu í hverjum mánuði og greiða kröfu fyrir lok dags 15. hvers mánaðar fyrir viðmiðunarmánuð næstliðins mánaðar.</p> <p>Staðgreiðsluskyldar greiðslur vegna launagreiðslna og reiknaðs endurgjalds eru merkt sérstaklega. Atvinnustarfsemi sem ekki er gefin upp til skatts er ekki metin.</p>
13.2 Úrtaksvillur	<p>Á ekki við þar sem um er að ræða skráarbundin gögn.</p>
13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)	<p>Á ekki við þar sem um er að ræða skráarbundin gögn.</p>
<h3>14. Tímanleiki og stundvísi</h3>	
14.1 Tímanleiki	<p>Nýjar tölur eru birtar 3-6 mánuðum eftir að viðmiðunarmánuði lýkur (ár).</p>
14.2 Stundvísi	
<h3>15. Samræmi og samanburðarhæfni</h3>	
15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	<p>Innbyrðissamræmi er í tölunum milli svæða á Íslandi þannig að til dæmis er hægt að bera saman landshluta upp að vissu marki.</p> <p>Tölurnar byggja á íslenskum stjórnsýslugögnum sem óvíst er að séu fyrir hendi í öðrum löndum og því er samanburður milli landa ekki mögulegur.</p>

Lýsigögn

<p>15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma</p>	<p>Í gagnasafninu er sömu skilgreiningum og hugtökum beitt yfir allt tímabil gagnanna sem gerir samanburð milli mismunandi tímabila mögulegan.</p>
<p>15.3 Samræmi – milli efnissviða</p>	<p>Önnur birting Hagstofunnar sem einnig er vert að bera saman við vinnuafli samkvæmt skrá (VS) eru tölur Þjóðhagsreikninga um vinnumagn og framleiðni en þær eru að miklu leyti unnar upp úr sömu gagnalindum og VS en þó með meiri áherslu á notkun líkana við mat á ýmsum stærðum. Þar er hins vegar tölfræðieiningin ráðningarsamband (job) og því eru talningar þeirra hagtalna ekki nauðsynlega þær sömu og koma fram í VS.</p>



Lýsigögn

15.4 Samræmi – innan efnissviðs

Nærtækt er að bera tölur um vinnuafli úr skráum (VS) við tölur úr Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR). Nokkur munur er á milli þessara tveggja gagnasafna sem mikilvægt er að hafa í huga þegar þau eru borin saman.

1. VMR er úrtaksrannsókn. VS byggir á talningum úr skráum.

2. VMR byggir á alþjóðlegum skilgreiningum Alþjóða vinnumálastofnunarinnar (ILO) og hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat). VS byggir á íslenskum skattalögum. Skilgreining á því hvað telst vera starfandi er því ekki sú sama, til dæmis vegna þess að í skráum eru aðeins þeir starfandi sem greiða staðgreiðslu af launum sínum.

3. Í VMR teljast þeir atvinnulausir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku könnunarinnar, það er, höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna - eða hafa fengið starf sem hefst innan þriggja mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að framan. Í VS er haldið utan um skráð atvinnuleysi og verða menn að uppfylla skilyrði skráningar á hverjum tíma til að teljast atvinnulausir. Sjá lög nr. 134/2009.

4. Samkvæmt skilgreiningum í VS getur fólk verið atvinnulaust að hluta, en ekki samkvæmt skilgreiningum VMR. Það þýðir að starfandi einstaklingar getur bæði fengið greiddar atvinnuleysisbætur í VS og launatekjur.

5. Allar fjöldatölur í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar eru vigtaðar eftir kyni og aldri svarenda miðað við fjölda í Þjóðskrá 16-74 ára. Tölur úr VS eru óvigtaðar enda um talningu að ræða.

6. Í VMR teljast þeir starfandi sem unnu í eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarviku eða voru fjarverandi frá starfi sem þeir gegna að öllu jöfnu. Í VS eru starfandi þeir sem hafa tekjur af atvinnu sem eru staðgreiðsluskyldar, þar á meðal eru tekjur í fæðingarorlofi starfandi og reiknað endurgjald.

7. Í VS teljast eingöngu þeir sem starfa í atvinnugreinum menningar með í fjölda starfandi í menningu og listum. Í VMR er um að ræða töfluþversnið af annars vegar starfaflokkum (ÍSTARF95) og hinsvegar atvinnugreinaflokkum (ÍSAT2008). Útkoman eru þannig öll störf í atvinnugreinum menningar og menningarstörf í öllum atvinnugreinum. Það sem ekki er meðtalið eru önnur störf í öðrum atvinnugreinum. Nærtækast er því að bera saman töflu VMRMEN004 þar sem sjá má niðurbrot starfandi í menningu eftir atvinnugreinum.

Í gögnum á vef Hagstofunnar um [vinnuafli samkvæmt skráum](#), þar sem niðurbrot er á atvinnugreinanúmer (ÍSAT2008), má finna yfirflokkinn „skapandi greinar.“ Þar er um að ræða annan yfirflokk en þann sem hér er kallaður „atvinnugreinar menningar“ og byggir sá fyrrnefndi á bresku flokkunarkerfi en sá síðarnefndi á flokkunarkerfi Eurostat.



Lýsigögn



Lýsigögn

16. Kostnaður og svarbyrði	
	Á ekki við
17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Sjá stefnu Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna: https://hagstofa.is/um-hagstofuna/stefnur-hagstofu-islands/stefna-hagstofu-islands-um-endurskodun-hagtalna/
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	
18. Úrvinnsla hagskýrslna	
18.1 Grunn gögn	Um er að ræða skráarbundin gögn sem byggja á upplýsingum frá ríkisskattstjóra, uppgjör vegna staðgreiðslu af launum og/eða reiknuðu endurgjaldi, samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Megintilgangur uppgjors er skattheimta hins opinbera. Gögnin hafa verið auðguð með öðrum upplýsingum svo hægt sé að nýta þau til hagskýrslugerðar, til að mynda til að geta aðgreint staðgreiðsluskyldar launagreiðslur frá öðrum staðgreiðsluskyldum greiðslum. Mannfjöldagögn byggja á íbúaskrá Þjóðskrár Íslands.
18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Mánaðarleg.
18.3 Gagnasöfnun	Gögnin eru sótt til ríkisskattstjóra í gegnum örugga vefskilagátt.
18.4 Sannprófun	Mánaðarlega, eða í kringum 20. hvers mánaðar fara gögnin í gegnum staðlaða gæðaprófun og þau gerð tilbúin til hagskýrslugerðar. Gögnin eru m.a. sannprófuð út frá samanburði milli tímabila og við önnur gagnasöfn.

Lýsigögn

18.5 Gagnavinnsla

Ekki er hægt að nýta óbreytt grunngögn staðgreiðslu til hagskýrslugerðar. Því hefur Hagstofan smíðað umfangsmikið úrvinnslukerfi til að vinna með gögnin. Til að mynda kemur ekki fram í gögnum um hvers konar tegund staðgreiðsluskyldrar greiðslu sé að ræða. Lögð er mest áhersla á að skipta greiðslum í launagreiðslur og aðrar greiðslur, en öðrum greiðslum er þó ítarlegra skipt og má þar nefna greiðslur í fæðingarorlofi, styrkir verkalýðsfélaga, greiðslur úr lífeyrissjóðum, greiðslur vegna eftirlauna, bætur frá Tryggingastofnun og atvinnuleysisbætur. Mesta áskorunin er við að skipta upp greiðslum í þeim tífellum sem launagreiðandi greiðir bæði laun og aðrar greiðslur, eins og algengt er til dæmis hjá sveitarfélögum, lífeyrissjóðum og verkalýðsfélögum. Árlega eru gögn keyrð saman við skattframtöl einstaklinga og launamiðagögn til að sannreyna að greiðslum hafi verið skipt rétt upp. Þá hefur komið í ljós að skipting greiðsla í úrvinnslukerfi er í miklum gæðum og greiðslum er rétt skipt upp.

Gögn eru talin úr gagnatöflum og flokkuð eftir mismunandi bakgrunnsupplýsingum. Niðurstöðurnar eru ekki vigtaðar né tilreiknaðar, engum aðferðum er beitt til að leiðrétta fyrir brottfall og engum líkönum er beitt við ályktunartökuna.

18.6 Aðlögun gagna

-

19. Athugasemdir

19. Athugasemdir